



#### **450.fundur í Þingvallanefnd**

Fundur, 12. desember 2018, í Færeyska herberginu í Alþingishúsinu kl.12.30.  
Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Hanna Katrín Friðriksson og Karl Gauti Hjaltason.  
Fundinn sat einnig Einar Á.E.Sæmundsen þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund.

Dagskrá.

1. Stefnumótun - afgreiðsla.  
Þingvallanefnd hefur fjallað um þá stefnumótun sem unnin hefur verið fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum og athugasemdir frá allmörgum aðilum og viðbrögð við þeim. Einnig hafa nefndarmenn lagt fram tillögur um áherslur og orðalag. Nefndin samþykkir að skjalið verði lagt fram sem stefna þjóðgarðsins.
2. Stækkun þjóðgarðsins.  
Þingvallanefnd ályktar að nauðsynlegt er að fá niðurstöðu í vinnu starfshóps um fyrirhugaðan miðhálandisþjóðgarð áður en unnið verður frekar að hugmyndum um stækkun þjóðgarðsins á Þingvöllum.
3. Ný lög um þjóðgarðastofnun.  
Þingvallanefnd samþykkir að fresta umræðu um afmörkun á stærð umráðasvæðis og hlutverk Þingvallanefndar í drögum að lögum um nýja þjóðgarðastofnun fram yfir þinghlé í janúar.
4. Nafnbreyting á lóðaleigusamningi vegna Valhallarstígs 15 N.  
Þingvallanefnd mun ekki nýta forkaupsrétt við framsal/afsal GT. ehf á frístundahúsi að Valhallarstíg nyrðri nr. 15 til lóðarleiguhafa umræddrar lóðar, Ágústus Guðmundssonar og Þuríðar Reynisdóttur.

Ekki fleira gert og fundi slitið.